



Borgarráð

**Tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um að tryggja ókyngreind salerni og búningaöstöðu**

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 10. mars 2022, var samþykkt svohljóðandi tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, sbr. 5. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs sama dag:

Lagt er til að stefna Reykjavíkurborgar verði að tryggja ókyngreind salerni og búningaöstöðu í byggingum skóla og frístundar sem og annars staðar í húsnæði borgarinnar sem opið er almenningi. Umhverfis- og skipulagssvið skuli fylgja þessari stefnu eftir og gera kröfu um slíka hönnun ef um nýbyggingar er að ræða. Við breytingar á eldra húsnæði þar sem ekki er hægt að koma fyrir ókyngreindri aðstöðu verður að lágmarki að tryggja að salerni fatlaðra sé einnig aðgengilegt fyrir öll óháð kyni og merkt í samræmi við það.

Greinagerð fylgir tillögunni. MSS22010256

Tillagan var samþykkt og vísað til staðfestingar borgarráðs.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Hér er samþykkt að gera ókyngreinda almenningaöstöðu að kröfu í nýbyggingum á vegum borgarinnar og að komið verði upp ókyngreindri aðstöðu í eldra húsnæði. Við breytingar á eldra húsnæði þar sem ekki er hægt að koma fyrir ókyngreindri aðstöðu verður að lágmarki að tryggja að salerni fyrir fatlað fólk sé einnig aðgengilegt fyrir öll óháð kyni og merkt í samræmi við það.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki tillöguna.

Virðingarfyllst,  
Elísabet Pétursdóttir  
Miðlæg stjórnsýsla  
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt:

Tillaga og greinagerð

## **Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 10. mars 2022: Tillaga mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs**

Lagt er til að stefna Reykjavíkurborgar verði að tryggja ókyngreind salerni og búningaáðstöðu í byggingum skóla og frístundar sem og annars staðar í húsnæði borgarinnar sem opið er almenningi. Umhverfis- og skipulagssvið skuli fylgja þessari stefnu eftir og gera kröfu um slíka hönnun ef um nýbyggingar er að ræða. Við breytingar á eldra húsnæði þar sem ekki er hægt að koma fyrir ókyngreindri áðstöðu verður að lágmarki að tryggja að salerni fyrir fatlað fólk sé einnig aðgengilegt fyrir öll óháð kyni og merkt í samræmi við það.

### **Greinagerð**

Starfshópur um ókyngreinda áðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði Reykjavíkurborgar skilaði skýrslu ásamt forgangsröðuðum tillögum að framkvæmdum haustið 2021. Markmiðið var að í öllu skóla- og frístundahúsnæði verði boðið upp á ókyngreind salerni og búningaáðstöðu, enda er kyngreind aðstaða útilokandi fyrir sum trans börn og ungmenni, þá sérstaklega stálp (kynsegin barn). Könnun og samtal starfshópsins við skólastjórnendur leiddi í ljós að sumir nemendur veigra sér við að nota kyngreinda áðstöðu í skólanum og var heilt yfir ákall eftir einstaklingsbundinni salernisaðstöðu.

Eitt hlutverka starfshópsins var að gera tillögu um verklag við nýbyggingar til að tryggja að þörfum trans barna og ungmenna væri mætt. Horft var til lagaákvæða, reglugerða og stefnu borgarinnar við undirbúning á slíkri stefnu.

Lög um kynrænt sjálfræði gera einstaklingum kleift að skilgreina sitt eigið kyn út frá sinni kynvitund og breyta opinberri kynskráningu sinni, en í boði eru karlkyn, kvenkyn og kynsegin/annað. Fyrirtæki og opinberar stofnanir skulu gera ráð fyrir kynsegin fólki t.d. í eyðublöðum og annarri skráningu á kyni. Reglugerð um hollustuhætti gerir ekki kröfu um að salerni séu kyngreind fyrir karla og konur nema í þeim tilvikum þar sem skilrúm þeirra ná ekki frá gólfi og upp í loft, að öðru leyti mega þau vera ókyngreind. Í 37. gr. reglugerðarinnar um hollustuhætti kemur fram að „þar sem aðstaða er til íþróttaiðkana skal vera fullkomin bað-, búnings- og salernisaðstaða“. Kyngreining er ekki ávörpuð í greininni. Byggingarreglugerð gerir ekki kröfu um kyngreiningu en hún gerir kröfu um að „Hvert salerni skal vera í læsanlegu, lokuðu rými. Veggir skulu að jafnaði þannig frágengnir að hvorki sé bil við gólf né við frágengið loft rýmisins. Kröfur þessarar greinar eiga einnig við um breytingu á þegar byggðu húsnæði.“

Eins og sjá má styðja lög og reglugerðir við þá stefnu að hafa salerni og búningaáðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði ókyngreind. Þá er mikilvægt að unnið sé út frá því að öll salernisaðstaða sé einstaklingsbundin og ókyngreind til að tryggja að öll börn og ungmenni, óháð kyni, kynvitund eða kyneinkennum geti nýtt sér áðstöðuna sem til staðar er án vandræða.

Stefna um ókyngreinda salernis- og búningaáðstöðu er hér lögð fram til samþykktar enda er mikilvægt að öll svið Reykjavíkurborgar gangi í takt og hafi sömu sýn er kemur að því að útbúa áðstöðu fyrir öll kyn.



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 5. nóvember 2021

R21040315

1370

ep/sas

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

***Skýrsla og tillögur starfshóps um ókyngreinda aðstöðu í skóla - og frístundahúsnæði  
Reykjavíkurborgar***

Starfshópur um ókyngreinda aðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði, hefur samkvæmt erindisbréfi unnið skýrslu um forgangslista yfir tillögur að endurbótum um ókyngreinda aðstöðu ásamt kostnaðarmati. Mikilvægt að haldið verði áfram að skoða niðurstöður úr könnun hópsins til að vinna enn frekar að því að tryggja ókyngreinda salernis- og búningsaðstöðu í öllu skóla- og frístundahúsnæði borgarinnar.

Skýrslan ásamt tillögum, er hér með send mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði til kynningar.

Með kveðju

Svandís Anna Sigurðardóttir

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps ásamt fylgiskjöllum

Október 2021



ÖLL VELKOMIN • ALL WELCOME

Ókyngreind  
aðstaða í  
skóla- og  
frístundahúsnæði  
Reykjavíkurborga  
r



Reykjavík

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b> .....	2
<b>Lög og reglugerðir</b> .....	2
<b>Verkefni og störf starfshópsins</b> .....	3
Könnun og forgangsröðun verkefna .....	3
Verklag við nýbyggingar .....	4
Tillögur að endurbótum ásamt kostnaði .....	4
Tillögur að nýjum skiltum ásamt kostnaði .....	6
<b>Niðurstöður</b> .....	8

## Inngangur

Í júní 2021 var skipaður starfshópur um ókyngreinda aðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði. Markmiðið var að í öllu skóla- og frístundahúsnæði verði boðið upp á ókyngreind salerni og búningaástöðu.

### Hlutverk starfshópsins var að:

1. Kanna hvar þarf að breyta salernum og búningasklefum til að mæta þörfum trans barna og ungmenna. Gerð verður könnun meðal skólastjórnenda og unnið með úttektir sem þegar hafa verið gerðar á skóla- og frístundahúsnæði
2. Gera tillögu um verklag við nýbyggingar til að tryggja að þörfum trans barna og ungmenna sé mætt
3. Gera tillögur að endurbótum á salernum og búningasklefum í ljósi laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði og breytinga sem er að vænta á reglugerð 941/2002 um hollustuhætti
4. Forgangsraða breytingum á eldra skóla- og frístundahúsnæði
5. Vinna kostnaðarmat sem fylgir tillögunum

### Starfshópurinn skipaður:

- Svandís Anna Sigurðardóttir, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, formaður
- Anna María Benediktisdóttir, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs (USK)
- Berglind Ósk Þórólfsdóttir, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs, frá heilbrigðiseftirlitinu
- Gerður Sveinsdóttir, fulltrúi íþróttá- og tómstundasviðs (ÍTR)
- Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, fulltrúi skóla- og frístundasviðs (SFS)

Starfshópurinn varð fullskipaður 18. júní 2021 og var fyrsti fundur starfshópsins haldinn í lok júní 2021, en hann fundaði alls sjö sinnum og var samkvæmt erindisbréfi gert að skila vinnu sinni 1. október 2021 (sjá erindisbréf í viðauka I). Hér á eftir verður farið yfir lög og reglugerðir sem snerta þennan málaflokk, verkefni og störf starfshópsins, tillögur að endurbótum ásamt upplýsingum um mögulegan kostnað, tillögur að merkingum ásamt kostnaði og að lokum verður farið yfir niðurstöður starfshópsins.

## Lög og reglugerðir

Í verkefnum og störfum starfshópsins var horft til laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði ásamt reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og byggingarreglugerðar nr. 112/2012, en þessi lög og reglur eru og eiga að vera höfð til hliðsjónar í framkvæmdum á salernis- eða búningaástöðu, hvort sem er á eldra eða nýju húsnæði.

Lög um kynrænt sjálfræði gera einstaklingum kleift að skilgreina sitt eigið kyn út frá sinni kynvitund og breyta opinberri kynskráningu sinni, en í boði eru karl, kona og kynsegin/annað. Fyrirtæki og opinberar stofnanir skulu gera ráð fyrir kynsegin fólki t.d. í eyðublöðum og annarri skráningu á kyni. Reglugerð um hollustuhætti gerir ekki kröfu um að salerni séu kyngreind fyrir karla og konur nema í þeim tilvikum þar sem skilrúm þeirra ná ekki frá gólfi og upp í loft, að öðru leyti mega þau vera ókyngreind. Í 37. gr. reglugerðarinnar um hollustuhætti kemur fram að „þar sem aðstaða er til íþróttaiðkana

skal vera fullkomin það-, búnings- og salernisaðstaða“. Kyngreining er ekki ávörpuð í greininni. Hins vegar gera tilvonandi breytingar á reglugerðinni kröfu um að þar sem salerni eru kyngreind (vegna skilrúma eða annars) verði skylt að bjóða upp á einstaklingssalerni fyrir önnur kyn, meginreglan verður þó áfram sú að salerni verði ókyngreind. Einnig er fyrirhuguð breyting sem mun tryggja einstaklingsklefa og sturtuáðstöðu á sund- og baðstöðum<sup>1</sup>. Byggingarreglugerð gerir ekki kröfu um kyngreiningu en hún gerir kröfu um að „Hvert salerni skal vera í læsanlegu, lokuðu rými. Veggir skulu að jafnaði þannig frágengnir að hvorki sé bil við gólf né við frágengið loft rýmisins. Kröfur þessarar greinar eiga einnig við um breytingu á þegar byggðu húsnæði.“ Einnig eru í reglugerðinni kröfur um lágmarksfjölda salerna í skólum og öðrum byggingum sem almenningur hefur aðgang að og miðast þær við fjölda gesta. Eins og sjá má styðja lög og reglugerðir við þá stefnu að hafa salerni og búningaáðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði ókyngreind.

## Verkefni og störf starfshópsins

### Könnun og forgangsröðun verkefna

Í ágúst 2021 sendi starfshópurinn könnun á skólastjórnendur grunnskóla og forstöðufólk frístundaheimila og félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar til að athuga ókyngreinda aðstöðu í húsnæði þeirra (sjá viðauka II). Svarhlutfallið var 100% hjá skólum og 93% hjá frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Þeir aðilar sem svöruðu lýstu margvíslegri og misgóðri aðstöðu og er ljóst að víða þarf að bæta stöðuna. Í könnuninni og í gegnum samtöl við stjórnendur kom í ljós að sumir nemendur sleppa því að taka þátt í skólastarfi þar sem þeir þurfa að nota kyngreinda aðstöðu og/eða deila klefum með öðrum, t.d. í sundi og íþróttum. Einnig var í mörgum tilfellum bent á óviðunandi salernisaðstöðu fyrir starfsfólk sem óskaði frekar eftir ókyngreindri einstaklings aðstöðu. Það er mjög mikilvægt að unnið verði áfram með niðurstöður úr könnuninni til þess að tryggja að aðstaða í skóla- og frístundahúsnæði sé alls staðar aðgengileg og gerir ráð fyrir fjölbreytileikanum.

Niðurstöður úr könnuninni voru notaðar til þess að útbúa forgangslista (sjá töflu 1). Starfshópurinn kom sér saman um hvernig væri hægt að skilgreina forgangslistan, en á honum eru þeir skólar og frístundaúrræði:

- þar sem **ekki** eru ókyngreind salerni eða ókyngreind búningaáðstaða
- þar sem **skólastjóri/forstöðufólk taldi þörf** á slíku
- þar sem **nemendur** höfðu kallað eftir ókyngreindri aðstöðu

Átta skólar (og tvær félagsmiðstöðvar) uppfylltu þessi skilyrði og var haft samband við þá alla til þess að gera betur grein fyrir þeim breytingum sem óskað var eftir. Í sumum tilfellum er um að ræða þörf á ókyngreindum salernum, í sumum tilfellum á ókyngreindum búningasklefa og í sumum tilfellum er þörf á bæði. Þess skal getið að eftir sitja mjög margir skólar og frístundaheimili/félagsmiðstöðvar sem eru ekki með ókyngreinda aðstöðu og þarf sannarlega að ráðast í breytingar á húsnæði þeirra, þrátt fyrir að þau uppfylltu ekki skilyrðin sem starfshópurinn setti sér.

---

<sup>1</sup> Sjá þingskjal 1430 – 730. mál frá 150. löggjafarþingi 2019-2020. Svar umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Andrési Inga Jónssyni um búningaáðstöðu og salerni.

Mögulegur kostnaður er lagður fram hér að neðan, en hann miðast við framkvæmdir á sérklefum og á stakstæðum snyrtingum sem borgin hefur þegar ráðist í. Kostnaðurinn er einungis til viðmiðunar, en nánari skoðun og áætlanagerð er þörf til þess að komast nær raunverulegum kostnaði við hverja framkvæmd fyrir sig, enda er um að ræða mjög fjölbreyttan húsakost sem er byggður á mismunandi tímum. Ljóst er að skóla- og frístundahúsnæði Reykjavíkurborgar er víðast hvar óhentugt þegar kemur að ókyngreindri aðstöðu og er í flestum tilvikum kostnaðarsamt en þó um leið mikilvægt að ráðast í breytingar.

Starfshópurinn skoðaði einnig mögulegan kostnað við ný skilti á salerni og búningasklefa sem og útfærslur á skiltum. Sá kostnaður og tillögur að merkingum eru að finna neðar í þessari skýrslu.

### Verklag við nýbyggingar

Á fundum starfshópsins var rætt um tillögu um verklag við nýbyggingar til að tryggja að þörfum trans barna og ungmenna væri mætt, enda var það eitt af hlutverkum starfshópsins. Kom í ljós að vinna var þegar í gangi hjá starfsfólki USK þar sem unnið var að framtíðarsýn og viðmiðum við nýbyggingar og endurbætur á húsnæði skóla- og frístundasviðs og að þar væri hugað m.a. að þessum þáttum. Í kjölfarið sendi formaður starfshópsins erindi á sviðstjóra SFS og USK til að fá staðfestingu á þessari vinnu (sjá viðauka III). Staðfesting á þeirri stefnu fékkst frá USK (viðauki IV), en með því varð tillaga að verklagi við nýbyggingar óþörf, enda þegar í farvegi.

Starfshópurinn bendir hins vegar á mikilvægi þess að stefnan verði kynnt fyrir öllum sviðum borgarinnar og þá sérstaklega fyrir stjórnendum og fasteignastjórum. Það þarf að tryggja að það sé almenn vitneskja um að snyrtingar fari í hönnun og uppfylli þær kröfur sem eru gerðar, þ.e. að þær verði ókyngreindar, í lokuðu einstaklingsrými og með handlaug. Hið sama gildir varðandi almenna vitneskju um ókyngreinda búningaástöðu þar sem búningaástaða er annars vegar. Um leið þarf að tryggja fjármagn í slíkar breytingar og framkvæmdir, enda er ljóst að með því að fylgja stefnunni eftir er í mörgum tilfellum verið að fara í kostnaðarsamar framkvæmdir. Það er þó mikilvægt að það sé gert í stað þess að ganga hálfleið með ófullnægjandi útfærslum á salernis- og búningaástöðu sem skila jafnvel ekki tilætluðum árangri. Starfshópurinn leggur einnig sérstaka áherslu á það að tryggt sé að við allar framkvæmdir og breytingar á húsnæði verði *Gátlisti varðandi algilda hönnun* frá USK hafður til hliðsjónar til að tryggja gott aðgengi í hvívetna.

### Tillögur að endurbótum ásamt kostnaði

Í töflunni hér að neðan má finna forgangslista þeirra endurbóta sem hópurinn leggur til á húsnæði skóla- og frístundasviðs með það að markmiði að tryggja að þörfum trans barna og ungmenna sé mætt með ókyngreindri aðstöðu. Tillögurnar eru í stafrófsröð en starfshópurinn tekur ekki afstöðu til frekari forgangsroðunar á þeim.

Tafla 1

Húsnæði:	Hver er þörfin:	Nánari útfærsla/upplýsingar:
Foldaskóli	Ókyngreindur búningasklefi	Það þarf heildarendurskoðun og hönnun á salernum sem eru í miðrymum. Þau eiga að vera ókyngreind.



	Ókyngreind salernisaðstaða	Engir ókyngreindir búningssklefar eru í íþróttahúsinu og þarf að bæta úr því.
Hagaskóli	Ókyngreindur búningssklefi	Íþróttahúsinu þarf að breyta þannig að það sé ókyngreind búningssaðstaða.
	Ókyngreind salernisaðstaða	Þörf á fleiri ókyngreindum salernum. Mikilvægt að hlusta á raddir nemenda í öllum breytingum.
Háteigsskóli	Ókyngreind salernisaðstaða	Fyrir liggur að endurgera salerni fyrir mið- og yngsta stig þar sem eru opin salerni og skilrúm, þau verða lokuð og ókyngreind.
Langholtsskóli	Ókyngreindur búningssklefi	Enginn ókyngreindur klefi er í íþróttahúsi og þarf að bæta úr því.
	Ókyngreind salernisaðstaða	Þörf á heildarendurskoðun til að bæta salernin og tryggja ókyngreinda aðstöðu.
Rimaskóli	Ókyngreindur búningssklefi	Þörf á því að útbúa sérklefa við búningssaðstöðuna.
Ból félagsmiðstöð	Ókyngreind salernisaðstaða	Möguleiki á því að koma fyrir stakstæðum snyrtingum við kjarnann hjá unglíngadeildinni.
Seljaskóli	Ókyngreind salernisaðstaða	Sumum salernum hefur þegar verið breytt og þau gerð ókyngreind og er óskað eftir því að öðrum verði breytt með sambærilegum hætti.
Víkurskóli	Ókyngreind salernisaðstaða	Hægt að breyta básasalernum sem eru frammi á gangi. Forgangsröðun hjá unglíngadeild og félagsmiðstöð en óskað eftir því að öll salerni verði ókyngreind.
Ölduselsskóli	Ókyngreindur búningssklefi	Það er þörf á sérklefa við sundlaug skólans.

Fimm aðilar óska eftir ókyngreindum búningssklefa og sjö aðilar óska eftir ókyngreindri salernisaðstöðu. Það er mjög mismunandi hvort óskað er eftir breytingum á ákveðnum salernum í ákveðnum rýmum bygginga, eða hvort óskað er eftir því að breyta öllum salernum skólans. Í sumum tilfellum er hugmyndavinnan á frumstigi og tillögurnar þar með enn lítið mótaðar. Í öllum tilfellum er þörf á nánari skoðun og útfærslu framkvæmda.

Samhliða því að kanna aðstæður og þörfina á breytingum kannaði starfshópurinn einnig kostnað við fyrri framkvæmdir Reykjavíkurborgar, annars vegar á sérklefa og hins vegar á einni stakstæðri snyrtingu með handlaug. Sá kostnaður er hér lagður fram og má hafa til hliðsjónar við mat á mögulegum kostnaði við þær framkvæmdir og breytingar sem eru skráðar í töflunni hér að ofan. Þannig má nýta kostnað við framkvæmdir á sérklefa til þess að áætla kostnað á byggingu ókyngreindra búningssklefa þar sem það á við. Einnig má nýta kostnað á stakstæðri snyrtingu til að áætla kostnað við breytingar á salernum í skólahúsnæði. Kostnaðurinn er þó settur fram með miklum fyrirvara þar sem hann miðast við ákveðin verkefni og er ekki auðveldlega yfirfærður á önnur verkefni.

- Áætlaður kostnaður við byggingu sérklefa: **15.000.000 isk**
- Áætlaður kostnaður við eina stakstæða snyrtingu með handlaug: **2.500.000 isk**

Þegar hugað er að kostnaði við breytingar á salernisaðstöðu í forgangslistanum hér að ofan skal gera ráð fyrir því að óskað sé eftir að *lágmarki* fimm ókyngreindum snyrtingum á hverjum stað og að framkvæmdakostnaður verði á bilinu **20.000.000 isk – 30.000.000 isk**. Þess skal getið að í sumum tilfellum er þó verið að óska eftir mun fleiri snyrtingum og þar með dýrari framkvæmdum. Hér er einungis um frumkostnaðaráætlun að ræða, en alla hönnun þarf að greina mun betur og í kjölfarið fæst skýrari mynd af heildarkostnaði við framkvæmdir.

### Tillögur að nýjum skiltum ásamt kostnaði

Þegar ráðist er í breytingar og salerni og búningstaða gerð ókyngreind er lagt til að notuð verði skilti og merkingar með myndum eða einföldum texta sem sýna þá aðstöðu sem í boði er. Það er mikilvægt að hafa í huga að merkingar séu auðskildar og aðgengilegar, m.a. út frá þroska og tungumálakunnáttu. Til dæmis ef salernisaðstaðan býður upp á salerni skal vera mynd af því (sjá mynd 1), eða einfaldlega notast við WC (sjá mynd 2), ef boðið er upp á sturtu eða búningstaðu skal vera mynd eða merki sem gefur það til kynna (sjá mynd 3). Ef þörf er á því að tilgreina sérstaklega ókyngreinda aðstöðu (t.d. þar sem önnur kyngreind aðstaða er til staðar) er mikilvægt að það komi fram í merkingunni, eins og sjá má á mynd 3, 4 og 5.

Dæmi um merki sem má nota við ókyngreinda aðstöðu:



Mynd 1.



Mynd 2.



Mynd 3.

Dæmi um merki sem má nota til að tilgreina sérstaklega ókyngreinda aðstöðu, þar sem kyngreind aðstaða er einnig til staðar:



Mynd 3.



Mynd 4.



Mynd 5.

Starfshópurinn athugaði kostnað við límmiða með WC merkingu (mynd 2) og kostnað við gerð skiltis sambærilegt því var hannað fyrir sérklefa í sundlaugum borgarinnar (mynd 3):

- Límmiðar 12x9 cm: **1100 isk +vsk** (mynd 2)
- Skilti. Prentun á 3mm plexíhring: **3950 isk + vsk** (mynd 3)

## Niðurstöður

Starfshópurinn hefur ráðist í mikla og snarpa vinnu við það að greina og leggja til úrbætur á skóla- og frístundahúsnæði með það að markmiði að tryggja ókyngreinda aðstöðu til að mæta þörfum trans barna og ungmenna, sem og annarra. Lög og reglugerðir styðja við og gera kröfur um slíka aðstöðu, stjórnendur og nemendur kalla eftir henni og sumir hverjir jafnvel forðast kyngreinda aðstöðu og sleppa þeim þáttum skólastarfsins þar sem hún er notuð. Starfsfólk kallar einnig eftir bættri aðstöðu fyrir sig, sérstaklega með tilliti til salerna. Stefnan sem USK vinnur nú eftir við nýbyggingar er skýr: snyrtingar eiga að vera ókyngreindar, einstaklingsbundnar með vaski og fyrir utan námssvæði. Þar sem er búningaástaða skal ávallt vera ókyngreind og einstaklingsbundin búningaástaða til staðar. Það er þó ljóst að þessa stefnu þarf að kynna mjög vel innan borgarkerfisins til þess að tryggja að henni sé fylgt.

Þó svo að starfshópurinn leggi hér fram ákveðinn forgangslista verkefna er mikilvægt að haldið verði áfram að skoða niðurstöður úr könnun hópsins til að vinna enn frekar að því að tryggja ókyngreinda salernis- og búningaástöðu í öllu skóla- og frístundahúsnæði borgarinnar. Það þarf heildstæða skoðun á þeirri aðstöðu sem er til staðar. Samhliða því þarf að tryggja fjármagn í þetta verkefni og þarf þá skilning á þessum málaflokki, eða eins og einn viðmælandi starfshópsins orðaði það: „Ég vona að þeir sem ráða sjái hversu nauðsynlegar þessar breytingar eru.“

Það er von starfshópsins að ráðist verði í þau verkefni sem hér eru lögð til og að í framhaldinu verði haldið áfram að vinna úr gögnum hópsins og að því að bæta stöðuna í öllu skóla- og frístundahúsnæði borgarinnar til að tryggja ókyngreinda aðstöðu.

## Viðauki I. Erindisbréf starfshópsins.



R21040315

### ERINDISBRÉF

#### Starfshópur um ókyngreinda aðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði

Lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði bættu réttarstöðu trans fólks og tryggðu möguleika fólks á hlutlausri kynskráningu. Á Íslandi eru nú þrjár möguleikar í boði í opinberri kynskráningu; karl, kona, kynsegin/annað. Trans börn sem eru yngri en 15 ára geta fengið sinni kynskráningu breytt með samþykki forsjáraðila eða með samþykki sérfræðinefndar.

Í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, sem nú er í endurskoðun vegna laga um kynrænt sjálfræði, segir: *Þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti skulu salernisrými vera aðgreind fyrir konur og karla.* Reglugerðin kveður ekki á um kyngreinda búnings- og baðaðstöðu.

Reykjavíkurborg vill vera í fararbroddi þegar kemur að réttindum trans fólks og tryggja möguleika þeirra á þátttöku í skóla- og íþróttastarfi sem og samfélaginu öllu. Þörf er á að greina stöðu mála í skólum og frístundahúsnæði borgarinnar og vinna að breytingum þar sem þarf til þess að tryggja ókyngreinda salernis- og búningaþstöðu í skóla- og frístundahúsnæði borgarinnar.

#### Markmið

Að í öllu skóla- og frístundahúsnæði verði boðið upp á ókyngreind salerni og búningaþstöðu.

#### Hlutverk starfshópsins:

1. Kanna hvar þarf að breyta salernum og búningasklefum til að mæta þörfum trans barna og ungmenna. Gerð verður könnun meðal skólastjórnenda og unnið með úttektir sem þegar hafa verið gerðar á skóla- og frístundahúsnæði
2. Gera tillögu um verklag við nýbyggingar til að tryggja að þörfum trans barna og ungmenna sé mætt
3. Gera tillögur að endurbótum á salernum og búningasklefum í ljósi laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði og breytinga sem er að vænta á reglugerð 941/2002 um hollustuhætti
4. Forgangsraða breytingum á eldra skóla- og frístundahúsnæði
5. Vinna kostnaðarmat sem fylgir tillögum

#### Ábyrgðarmaður starfshóps:

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri

#### Starfshópurinn skipa:

Svandís Anna Sigurðardóttir, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, formaður

Anna María Benediktsdóttir, fulltrúi umhverfis- og skipulagssvið  
Berglind Ósk Þórólfsdóttir, fulltrúi umhverfis- og skipulagssvið, frá heilbrigðiseftirlitinu  
Gerður Sveinsdóttir, fulltrúi ÍTR  
Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, fulltrúi skóla- og frístundasviðs

**Starfstími vinnuhóps:**

1. október 2021, skil á stöðu- og kostnaðarmati á forgangsverkefnum fyrir árið 2022

**Til mögulegrar ráðgjafar og samstarfs, meðal annars:**

Svið og skrifstofur borgarinnar  
Hagsmunasamtök

**29. apríl 2021.**

## Viðauki II. Könnun á skólastjóra og forstöðufólk um ókyngreinda aðstöðu

Til skólastjóra og forstöðufólks fristundaheimila og félagsmiðstöðva. Könnun þessi er hluti af vinnu starfshóps um ókyngreinda aðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði Reykjavíkurborgar sem skipaður var sumarið 2021. Samkvæmt erindisbréfi er starfshópnum gert að senda könnun til að athuga salernis- og búningasklefa aðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði sem og þörfina á ókyngreindri salernis- og búningasklefaaðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði.

Tilgangurinn með þessari vinnu er að tryggja að skóla- og frístundahúsnæði borgarinnar henti trans börnum\*, kynsegin börn\*\* þ.m.t. og stuðli að þátttöku þeirra í skóla-, frístunda- og íþróttastarfi. Er þetta í samræmi við lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði, reglugerð 941/2002 um hollustuhætti og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Starfshópnum er gert að leggja til endurbætur á húsnæði þar sem þörf er á.

Í könnuninni er spurt um salernis- og búningaástöðu og er þá verið að spyrja um þá aðstöðu sem börn og ungmenni nota og sem tengist þeirra skólagöngu/frístundastarfi. Skólastjórnendur eru beðnir um að svara fyrir skólahúsnæði og aðstöðu sem börn og ungmenni nota í skólanum (skólasund þ.m.t.), en forstöðufólk fristundaheimila og félagsmiðstöðva er beðið um að svara fyrir frístundahúsnæði sem börn og ungmenni nota.

Niðurstöður úr þessari könnun verða nýttar til þess að kortleggja mögulegar endurbætur í þeim tilgangi að tryggja ókyngreinda aðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði Reykjavíkurborgar.

Fyrir hönd starfshópsins

Svandís Anna Sigurðardóttir svandisanna@reykjavik.is

Skilgreiningar: \*Trans börn eru börn sem upplifa ósamræmi milli kynvitundar sinnar (þ.e.a.s. hvernig þau upplifa kyn sitt) og þess kyns sem þeim var úthlutað við fæðingu. \*\*Kynsegin börn upplifa sig hvorki sem stelpu eða stráki, og nota gjarnan annað persónufornafn, t.d. hán.

Vinsamlega veldu þinn grunnskóla

Vinsamlega veldu þitt fristundaheimili/félagsmiðstöð

Erú ókyngreind salerni fyrir börn og ungmenni í þínu skóla- eða frístundahúsnæði?

1. Já
2. Nei
3. Veit ekki/er ekki viss

Ef já, hve mörg salerni eru ókyngreind og hve mörg salerni eru kyngreind fyrir börn og ungmenni í þínu skóla- eða frístundahúsnæði?

Ef já, hvernig eru ókyngreind salerni merkt í þínu skóla- eða frístundahúsnæði? (t.d. ómerkt, með mynd, með skilti (ef já, hvað stendur á því?))

Ef nei, telur þú þörf á ókyngreindum salernum fyrir börn og ungmenni í þínu skóla- eða frístundahúsnæði?

1. Já
2. Nei
3. Annað, hvað? \_\_\_\_\_

Eru kyngreind salerni fyrir börn og ungmenni í í einu læsanlegu rými með salernisskál, vaski og spegli í þínu skóla- eða frístundahúsnæði?

1. Já
2. Nei
3. Annað, hvað? \_\_\_\_\_

Eru ókyngreindir búningsklefar/sérklefar fyrir börn og ungmenni í þínu skóla- eða frístundahúsnæði?

1. Já
2. Nei
3. Á ekki við

Ef já, hversu margir ókyngreindir búningsklefar/sérklefar eru fyrir börn og ungmenni í þínu skóla- eða frístundahúsnæði?

Ef nei, telur þú þörf á ókyngreindum búningsklefum/sérklefum fyrir börn og ungmenni í þínu skóla- eða frístundahúsnæði?

1. Já
2. Nei
3. Annað, hvað? \_\_\_\_\_

Hafa börn og ungmenni kallað eftir ókyngreindum salernum í þínu skóla- eða frístundahúsnæði?

1. Já
2. Nei
3. Annað, hvað? \_\_\_\_\_
4. Á ekki við

Hafa börn og ungmenni kallað eftir ókyngreindum búningsklefum/sérklefum í þínu skóla- eða frístundahúsnæði?

1. Já
2. Nei
3. Annað, hvað? \_\_\_\_\_
4. Á ekki við

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi kyngreinda og ókyngreinda aðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði Reykjavíkurborgar?



### Viðauki III. Fyrirspurn starfshópsins á sviðsstjóra USK.



Til: olof.orvarsdottir@reykjavik.is

Afrit: usk@reykjavik.is,  
Gloey.Helgudottir.Finnsdottir@reykjavik.is

Efni: Ókyngreind aðstaða í skóla- og  
frístundahúsnæði Reykjavíkurborgar

Upplýsingar: Sent: 07.09.2021 10:55:05 af Svandís  
Anna Sigurðardóttir, Málsnúmer:  
R21040315, Bréfalykla Mannréttindamál,  
almennt

---

Ráðhús Reykjavíkur - Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Tilvísun í mál: R21040315  
Reykjavík, 7.september 2021  
R21040315

### Efni: Ókyngreind aðstaða í skóla- og frístundahúsnæði Reykjavíkurborgar

Til sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs,

í júní 2021 var skipaður starfshópur um það hvernig tryggja mætti að ókyngreind aðstaða sé í skóla- og frístundahúsnæði Reykjavíkurborgar (sjá viðhengi).

Reykjavíkurborg vill vera í fararbroddi þegar kemur að réttindum trans fólks (kynsegin fólk þ.m.t.) og tryggja möguleika þeirra á þátttöku í skóla-, frístunda- og íþróttastarfi sem og samfélaginu öllu. Ókyngreind salernis- og búningaástaða er liður í því.

Lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði, mannréttindastefna Reykjavíkurborgar og reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 og byggingarreglugerð nr. 112/2012 gera borginni skylt og mögulegt að bjóða upp á ókyngreinda salernis- og búningaástöðu.

Eitt verkefna starfshópsins sbr. erindisbréf er að *gera tillögu um verklag við nýbyggingar til að tryggja að þörfum trans barna og ungmenna sé mætt*. Á fundum starfshópsins hefur komið í ljós að verið er að vinna að stefnu um nýbyggingar og endurbætur á salernis- og búningaástöðu fyrir börn og ungmenni í húsnæði SFS. Fagnar starfshópurinn því að ofangreint verkefni hópsins virðist vera í góðum farvegi.

Til að starfshópurinn sé ekki að fara villur vegar í þessu sambandi gætir þú staðfest við okkur að stefna USK sé að hafa salerni í skóla- og frístundahúsnæði *ókyngreind* í nýbyggingum sem og að þar sem boðið er upp á búningaástöðu sé *ókyngreind búningaástaða* tryggð.

Ef á þarf að halda þá getur starfshópurinn rætt þetta mál enda þurfum við að uppfylla það sem okkur var falið í erindisbréfinu með það að leiðarljósi að huga að

þörfum trans barna.

Fyrir hönd starfshóps um ókyngreinda aðstöðu í skóla- og frístundahúsnæði,

Svandís Anna Sigurðardóttir (hún-hennar/she-her),

Sérfræðingur í hinsegin- og jafnréttismálum/LGBTIQ+ and Gender Equality Advisor

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar/City of Reykjavík Human Rights and Democracy Office

Ráðhúsi Reykjavíkur/City Hall Tjarnargata 11, 101 Reykjavík

Sími/Tel: +354 4111141



Bréf um stofnun starfshóps um ókyngreinda salernisaðstöðu, ásamt fylgigögnum - R21040315.pdf

## Viðauki IV. Svar frá USK vegna framtíðarstefnu um ókyngreinda aðstöða í skóla- og frístundahúsnæði Reykjavíkurborgar

**From:** [gudrun.haraldsdottir@reykjavik.is](mailto:gudrun.haraldsdottir@reykjavik.is)  
**To:** [Svandís Anna Sigurðardóttir](#)  
**Cc:** [Ólöf Örvarsdóttir](#); [Glóey Helgudóttir Finnsdóttir](#)  
**Subject:** Tilvísun í mál: R21040315 - Efni: Ókyngreind aðstaða í skóla- og frístundahúsnæði Reykjavíkurborgar  
**Date:** föstudagur, 10. september 2021 13:29:27

---

(sent til þín að beiðni Óskar Soffíu Valtýsdóttur, deildarstjóra deildar frumathugana mannvirkjagerðar)

Sæl Svandís Anna

Jú það er rétt að það er stefna Reykjavíkurborgar að tryggja ókyngreind salerni og búninga- og aðstöðu í byggingum skóla og frístundar sem og annars staðar ss. á söfnum borgarinnar. Umhverfis- og skipulagssvið fylgir þessari stefnu eftir og gerir kröfu um slíka hönnun ef um nýbyggingar er að ræða.

Þar sem verið er að breyta eldra húsnæði og ef ekki er hægt að ganga alla leið í þessum málum, er reynt að gera sem best, svo sem að skilgreina salerni fatlaðra fyrir alla.

Vil bæta við að Anna María Benediktsdóttir, arkitekt á deild frumathugana mannvirkjagerðar er fulltrúi Umhverfis- og skipulagssviðs í samstarfshópnum.

Bestu kveðjur, Soffía

.....

Ósk Soffía Valtýsdóttir  
Deildarstjóri frumathugana mannvirkjagerðar  
Sími/Tel.: +354 411 8129 / 411 1111  
[osk.soffia.valtysdottir@reykjavik.is](mailto:osk.soffia.valtysdottir@reykjavik.is)

Kveðja,

Guðrún Haraldsdóttir

Sími: 411 8107 Netfang:  
[gudrun.haraldsdottir@rvk.is](mailto:gudrun.haraldsdottir@rvk.is)  
Reykjavíkurborg Umhverfis- og  
skipulagssvið Borgartúni 12 - 14, 105  
Reykjavík